Nr. 23/2006
7. júní 2006

# Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok maí 2006

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok maí 2006 og til samanburðar í lok apríl 2006 og í lok desember 2005.

Gjaldeyrisforði bankans jókst um 4,2 milljarða króna í mánuðinum og nam 70,4 milljörðum króna í lok hans sem jafngildir 984 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Gjaldeyrisforðinn hækkaði vegna lánahreyfinga ríkissjóðs og reglubundinna kaupa Seðlabankans á gjaldeyri á innlendum markaði.

Gengi íslensku krónunnar styrktist í maí um 1,3%.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 0,9 milljarða króna í maí og námu 85,1 milljarði króna í lok mánaðarins.

Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu um 1,8 milljarða króna og námu 16,4 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 1,6 milljörðum króna í lok maí miðað við markaðsverð.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir hækkuðu um 5,3 milljarða króna í mánuðinum og námu 35,2 milljörðum króna í maílok.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana hækkuðu um 1,6 milljarða króna og námu 78,5 milljörðum króna í lok maí.

Grunnfé bankans hækkaði í maí um 5,7 milljarða króna og nam 48,6 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

# Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. maí  2006

| | STAÐA | STAÐA | STAÐA | HREYFINGAR 2006 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 31.12.05 | 30.04.06 | 31.05.06 | Á árinu | Í maí |
| **EIGNIR** | 162.294,3 | 172.285,5 | 177.319,5 | 15.025,2 | 5.034,0 |
| **Erlendar eignir** | **67.505,5** | **66.444,2** | **70.659,2** | **3.153,6** | **4.215,0** |
| a Gull ........ | 2.073,5 | 3.084,4 | 3.003,0 | 929,5 | -81,4 |
| b Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn .............. | 2,9 | 11,3 | 6,7 | 3,8 | -4,6 |
| c Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ........................ | 1.678,1 | 2.043,5 | 1.992,3 | 314,3 | -51,1 |
| d Erlendir bankar ........ | 21.048,7 | 8.784,6 | 15.681,1 | -5.367,6 | 6.896,5 |
| e Erlend verðbréf ........ | 42.474,7 | 52.290,3 | 49.747,8 | 7.273,1 | -2.542,4 |
| f Erlendar eignir utan forða ........ | 227,6 | 230,1 | 228,3 | 0,6 | -1,8 |
| **Innlánsstofnanir** | **77.772,0** | **86.024,7** | **85.134,6** | **7.362,5** | **-890,2** |
| a Endurhverfir samningar ........ | 77.772,0 | 86.024,7 | 85.134,6 | 7.362,5 | -890,2 |
| **Aðrar fjármálastofnanir** | **11.902,1** | **14.576,7** | **16.410,5** | **4.508,4** | **1.833,7** |
| a Markaðsskráð verðbréf ........ | 1.832,1 | 1.572,8 | 1.583,1 | -249,1 | 10,2 |
| b Endurhverfir samningar ........ | 10.070,0 | 13.003,9 | 14.827,4 | 4.757,4 | 1.823,5 |
| **Aðrar eignir** | **188,5** | **313,8** | **189,3** | **0,7** | **-124,5** |
| **Fasteignir og lausafjármunir** | **4.926,1** | **4.926,1** | **4.926,1** | **-** | **-** |
| | | | | | |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | 162.294,3 | 172.285,5 | 177.319,5 | 15.025,2 | 5.034,0 |
| **Erlendar skuldir til skamms tíma** | **149,7** | **201,8** | **189,5** | **39,8** | **-12,3** |
| **Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn** | **1.484,1** | **1.807,4** | **1.762,3** | **278,2** | **-45,1** |
| **Seðlar og mynt** | **13.201,9** | **12.979,2** | **13.395,3** | **193,4** | **416,2** |
| **Innlánsstofnanir** | **34.250,1** | **29.892,7** | **35.221,0** | **970,9** | **5.328,3** |
| a Innstæður ........ | 31.956,0 | 29.091,3 | 34.069,3 | 2.113,3 | 4.978,0 |
| b Innstæðubréf ........ | 2.294,1 | 801,4 | 1.151,7 | -1.142,4 | 350,3 |
| **Aðrar fjármálastofnanir** | **145,0** | **146,7** | **184,3** | **39,3** | **37,6** |
| a Innstæður ........ | 145,0 | 146,7 | 184,3 | 39,3 | 37,6 |
| **Ríkissjóður og ríkisstofnanir** | **75.915,6** | **76.933,3** | **78.506,6** | **2.591,1** | **1.573,3** |
| a Ríkissjóður, viðskiptareikningar ........ | 33.572,6 | 40.668,3 | 40.851,2 | 7.278,6 | 182,9 |
| b Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar ........ | 371,4 | 451,9 | 378,7 | 7,3 | -73,2 |
| c Gjaldeyrisinnstæður ríkissjóðs ........ | 9.112,6 | 3.527,4 | 4.688,2 | -4.424,5 | 1.160,8 |
| d Bundin innlán ........ | 32.858,9 | 32.285,7 | 32.588,6 | -270,3 | 302,9 |
| **Aðrar skuldir** | **778,1** | **1.724,8** | **721,9** | **-56,2** | **-1.002,9** |
| **Áætluð afkoma ársins fyrir framlag til ríkissjóðs** | **0,0** | **12.229,7** | **10.968,7** | **10.968,7** | **-1.261,0** |
| Gengishagnaður/-tap á árinu ........ | . | 11.909,0 | 10.536,6 | 10.536,6 | -1.372,4 |
| Áætlaður hagnaður/-tap af rekstri ........ | . | 320,8 | 432,1 | 432,1 | 111,4 |
| **Stofnfé og annað eigið fé** | **36.369,8** | **36.369,8** | **36.369,8** | **-** | **-** |
| | | | | | |
| **Liðir til skýringar** | | | | | |
| Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e) ........ | 67.277,9 | 66.214,1 | 70.430,9 | 3.153,0 | 4.216,8 |
| Gjaldeyrisstaða, nettó ........ | 67.128,3 | 66.012,3 | 70.241,4 | 3.113,1 | 4.229,1 |
| Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó ........ | 75.915,6 | 76.933,3 | 78.506,6 | 2.591,1 | 1.573,3 |
| Kröfur á aðra, brúttó ........ | 89.862,7 | 100.915,2 | 101.734,3 | 11.871,6 | 819,0 |
| Grunnfé ........ | 47.452,0 | 42.871,9 | 48.616,4 | 1.164,3 | 5.744,5 |

Allar fjárhæðir í milljónum króna